

Rangárþing ytra,  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 HELLA

Garðabær, 24. mars 2017  
2017030005/42-0  
KJ, RT, TB  
jgo/tb

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar í Rangárþingi ytra, umsögn**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Rangárþingi ytra, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar í friðlandi að Fjallabaki, Rangárþingi ytra.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagið:

*Tilgangur og markmið*

1. Á bls. 8 segir að tilgangur með gerð deiliskipulags Landmannalaugasvæðisins sé að skapa aðstæður sem draga úr álagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun deiliskipulagið rétt eins geta haft þveröfug áhrif og valda auknu álagi. Vissulega getur það verið til bóta að bæta ákveðna þjónustu eða þjónustuþætti t.d. hvað varðar stígagerð, leiðbeiningar, skipulag bílastæða, landvörslu og sorphirðu. Á bls. 20 er fjallað um fjölgun ferðamanna á svæðinu og áhrif þess en ekki verður betur séð en að deiliskipulagið geri ráð fyrir enn fleiri ferðamönnum en áður t.d. í gistingu auk þess sem nýtt viðkvæmt svæði er gert að þjónustusvæði og jafnframt haldið í hluta gistingar við Landmannalaugar. Í deiliskipulaginu virðist gengið út frá því að ef uppyggging yrði á núverandi svæði þá myndi það leiða af sér að votlendið við Laugahraun yrði eyðilagt sem og upplifun af svæðinu. Að sama skapi virðist röskun á mjög viðkvæmum gróðri og jarðmyndunum við Sólvang á svæðinu milli Námshrauns og Norðurnámshrauns ekki hafa sömu áhrif. Er þetta raunhæfur samanburður? Sjá jafnframt ályktanir Náttúrufræðistofnunar á bls. 24 og 25 í skýrslunni Landmannalaugar og Sólvangur, NÍ-14007 sem unnin var fyrir Ferðafélag Íslands.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði átt að halda sig við eitt svæði og gera það með þeim hætti að ekki verði rask á helstu náttúrumuinjum. Nú þarf aust fyrrgreinds rasks á nýju svæði að byggja nýja varnargarða/rofvarnir og leggja rafmagn og leggja heitt vatn töluberða vegalengd svo eitthvað sé nefnt. Á bls. 10 í deiliskipulaginu er fjallað um að „endurheimta“ tilfinninguna fyrir ósnortnu víðerni í Landmannalaugum en að sama skapi ekki bent á að víðerni raskist annarsstaðar. Hér virðist sem svo að það hafi verið ákveðið fyrirfram að flytja starfsemina en þetta er ekki almennilega rökstutt í deiliskipulaginu.



## *Deiliskipulagið*

2. Mestur hluti nýs framkvæmdasvæðis norðan Námshrauns verður á óröskuðu líparítaurum Jökulgilskvíslar og byggingar á uppbyggðum bakka sem þarfnað t.d. rofvarna.

3. Gert er ráð fyrir manngerðri laug við aðstöðu norðan Námshrauns og að heitu og köldu vatni verði veitt frá Landmannalaugum, lagnir meðfram vegum. Mögulegt er að náð verði í kalt vatn úr uppsprettu austan við Jökulkvísl en gera má ráð fyrir raski vegna vatnstökunnar. Ljóst er að meta þarf áhrif þess að taká heitt vatn í Landmannalaugum.

4. Gert er ráð fyrir hestaleigu og aðstöðu fyrir hana og starfsmenn. Ekki eru færð rök fyrir því hvers vegna hestaleiga á þessum stað er nauðsynleg eða til bóta. Hvað með Landmannahelli? Á hestaleiga að vera allsstaðar þar sem þjónusta er fyrir hendi í friðlandinu?

5. Fyrirhugað er að leggja nýjan uppbyggðan göngustíg í jaðri Námshrauns. Það mun valda verulegu raski á hrauninu. Gert er ráð fyrir nýrri gönguleið um votlendið við Laugahraun (frá laug að Námskvísl). Á bls. 16-17 segir að halda skuli breidd göngustíga í lágmarki. Síðan segir að stígar skuli vera allt að 4 m breiðir.

6. Reiknað er með því að fá rafmagn með því að tengjast Sigöldu (20 km). Ekki kemur beint fram hvort það verði gert með loftlinu eða jarðstreng en talað um afmarkað svæði meðfram vegum sem er meðal annars ætlað fyrir lagnir.

## *Forsendur*

7. Í kafla 4.3 um verndarsvæði er ekki minnst á að svæðið er á tilnefningalistu Íslands fyrir heimsminjaskrá UNESCO.

8. Kafli 4.4.1. Lýsing á jarðfræði svæðisins er verulega ábótavant og að hluta rangt með farið. Vatnaöldur mynduðust ekki samtímis Laugahrauni árið 1477, heldur við landnám árið 877. Árið 1477 mynduðust Laugahraun, Námshraun/Suðurnámshraun, Norðurnámshraun og Stútur (ásamt Jarðfallinu), Ljótipollur og Frostastaðahraun, ásamt Veiðivatnagígum og -hraunum. Í þessum kafla er þó að hluta orðréttur texti úr háhitaskýrslu NÍ frá 2009, NÍ-09012, en ekki getið heimilda. Einnig jarðfræðikort úr skýrslu NÍ frá 2014, NÍ-14007, án tilvitnunar.

9. Á bls. 24 efst er fjallað um rannsókn Náttúrufræðistofnunar á gróðurfari. Skýrslu Náttúrufræðistofnunar vantar í heimildalista. Auk þess er rangt nafn undir mynd 17. á sömu síðu og myndahöfund vantar á mynd 14. Á að vera Guðmundur Guðjónsson í báðum tilfellum.

## *Umhverfisskýrsla*

9. Í kafla 5.4.1 um sjónræn áhrif er fullyrt að Landmannalaugar séu verðmætasta svæðið. Ekki kemur fram hvers vegna. Jafnframt er ályktað að framkvæmdirnar hafi jákvæð áhrif. Hvernig geta framkvæmdir á þessu svæði haft jákvæð áhrif? Í fyrsta lagi er farið inn á nýtt svæði og varla telst það jákvætt á svæði sem er fyrst og fremst friðlýst vegna jarðfræði og landslags. Að bæta skipulag á Landmannalaugasvæðinu getur verið jákvætt en í raun er ekki farið í raunverulegan samanburð milli tiltekina valkosta þar sem t.d. endurskipulagning Landmannalaugasvæðisins væri boríð saman við það deiliskipulag sem hér er lagt fram.



10. Í kafla 5.4.2 eru Landmannalaugar sjálfar taldar mikilvægasta svæðið fyrir náttúruupplifun. Vissulega eru Landmannalaugar þekktastar en ef verið er að bera saman svæði innan friðlandsins í heild þá er alls ekki víst að Landmannalaugar sé mikilvægastar fyrir náttúruupplifun þó þær geti verið það að margra mati.

11. Í kafla 5.4.4 eru áhrif á landnotkun sögð jákvæð. Enginn rökstuðningur er fyrir þessu í kaflanum.

12. Í kafla 5.4.6 er fjallað um áhrif á gróður og hann sagður jákvæður. Þetta er órökstutt fullyrðing en virðist eingöngu byggja á því að gróður á Landmannalaugasvæðinu verði eyðlagður ef skipulagt er þar. Vel má skipuleggja á því svæði án þess að fara inn á gróðursvæðin. Í kaflanum er ekkert minnst á plöntutegundir. Vísað er skýrslu Náttúrufræðistofnunar en enn vantar heimild. Að mati Náttúrufræðistofnunar mun uppbygging á nýju og svo til óröskuðu svæði innan friðlandsins óhjákvæmilega rýra gildi þess. Hvernig getur þá niðurstaðan verið jákvæð fyrir gróður?

#### *Heimildaskrá*

13. Röng heimild: (Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen: 2009. Jarðminjar á háhiðasvæðum Íslands: Jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík) Höfundar og titill passa ekki saman.

Röng heimild: (Náttúrufræðistofnun Íslands 2009. Gróður, fuglar og smádýr á 18 háhitasvæðum: Samantekt á fyrirliggjandi gögnum. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík) Vantar höfunda og skýrslunúmer.

#### *Niðurstaða*

Í heild má segja að áhrif skipulagsins á jarðmyndanir séu neikvæð. Má þar nefna umfangsmikla nýja varnargarða ásamt skerðingu á líparítaurum Jökulgilskvíslar, nýjan uppbyggðan göngustíg sem lagður verður um úffinn hraunjaðar Námshrauns. Og búast má við auknu á lagi ferðamanna á Námshraun og Norðurnámshraun án þess að það sé víst að það dragi úr á lagi á Laugahraun. Framkvæmdirnar munu raska fágætum jarðmyndunum sem hafa mikið verndargildi, bæði á landsvísu og heimsvísu.

Ekkert er fjallað um verndargildi jarðminja, gróðurs eða landslags. Skipulagið tekur ekki mið af náttúarfarsgildi eða verndargildi jarðminja.

Skipulagið hefur neikvæð áhrif á vatnafar. Annars vegar verður skerðing á aurum Jökulgilskvíslar og hins vegar aukin nýting á heitu vatni frá Landmannalaugum.

Í skipulaginu er fullyrt að það skapi aðstæður sem draga úr á lagi vegna ferðamanna. Þetta



getur verið rétt um einstaka þjónustuhætti en almennt er skipulagið að bjóða upp á verulega aukningu næturgesta og ferðamanna. Ekki er fjallað um eða tekin afstaða til þess í skipulaginu hvort nauðsynlegt sé orðið að takmarka fjölda ferðamanna inn á svæðið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

